

ORD

dagsins



Mars

2026

01.árg

Hugsjón

Markmið biblíulestrarplansins er að sameina söfnuðinn í sameiginlegu ferðalagi í Orði Guðs. Við viljum hvetja hvert annað til að lesa reglulega í Biblíunni, dýpka skilning okkar og styrkja samband okkar við Guð – bæði sem einstaklingar og sem samfélag.

Þegar við lesum sömu kafla á sama tíma skapast sameiginlegur grundvöllur fyrir samtal, bæn og uppbyggingu. Orðið verður ekki aðeins persónuleg næring heldur sameiginleg reynsla sem styrkir einingu okkar. Við trúum því að Orð Guðs sé lifandi og kraftmikið, eins og segir í Hebr. 4:12, og að það umbreyti lífi okkar þegar við opnum hjörtu okkar fyrir því.

Þema mánaðarins hjálpar okkur að kafa dýpra í sannindi Biblíunnar og leyfa Orðinu að móta hugarfar okkar og líf. Miðpunktur trúar okkar er Jesús Kristur – sem dó og reis upp aftur til að gefa okkur líf, von og frelsun.

Miðpunktur trúar okkar er Jesús Kristur – að hann dó fyrir okkur og reis upp aftur til að gefa okkur líf, von og frelsun. Þess vegna viljum við dvelja í Orðinu, því þar lærum við að þekkja hann betur og lifa í sannleika hans.

Von okkar er að þetta lestrarplan verði verkfæri sem hjálpi söfnuðinum að vaxa í trú, þekkingu og kærleika, og að Orð Guðs sé ljós á vegi okkar og grundvöllur samfélags okkar.

1.Sunnudagur

Efes 6:10–18

Hugleiðing: „Í Guði fæ ég styrk til að standa stöðugur, jafnvel þegar baráttan er ósýnileg.“

Bæn: „Drottinn, íklæð mig í friði þínum og trú í dag og hald mig stöðugan í þér.“

2.Mánudagur

Jesaja 59:17a

Hugleiðing: „Guð klæðist réttlæti og frelsi, og býður mér að treysta verki sínu fremur en eigin styrk.“

Bæn: „Drottinn, hjálpa mér að lifa í réttlæti þínu og treysta frelsun þinni í dag.“

3.Þriðjudagur

Sálm. 18:3

Hugleiðing: „Þegar ég kalla á Drottin er ég ekki einn, því hann er skjól mitt og styrkur í allri neyð.“

Bæn: „Drottinn, ég kalla á þig í dag—vertu skjól mitt, styrkur minn og frelsari.“

4.Miðvikudagur

Róm. 13:12

Hugleiðing: „Guð kallar mig til að yfirgefa myrkrið og lifa í ljósi hans með hreinu hjarta og nýjum krafti.“

Bæn: „Drottinn, hjálpa mér að leggja frá mér myrkrið og klæðast ljósi þínu í dag.“

5.Fimmtudagur

1. Þess 5:8

Hugleiðing: „Ég tilheyri deginum og er kallaður til að vaka í trú og kærleika, með vonina sem skjöld yfir hjarta mitt.“

Bæn: „Drottinn, styrk trú mína, fyll mig kærleika og haltu von minni lifandi í dag.“

6.Föstudagur

Sak. 4:6

Hugleiðing: „Verk Guðs gerast ekki með mínum styrk heldur með anda hans sem ber mig þegar ég er veikur.“

Bæn: „Drottinn, kenndu mér að treysta anda þínum og leiða mig í því sem þú kallar mig til.“

7.Laugardagur

5.Mós 20:4

Hugleiðing: „Guð gengur sjálfur með mér í baráttunni og sigurinn hvílir í nærveru hans, ekki ótta mínum.“

Bæn: „Drottinn, hjálpa mér að treysta því að þú berst fyrir mig og gefur mér sigur.“

8.Sunnudagur

Efes 6:14

Hugleiðing: „Kristur er sannleikur okkar og réttlæti. Í honum stöndum við örugg“

Bæn: „Ég tek á móti Orði þínu með trú, Drottinn. Amen“

09.Mánudagur

Jes. 11:5

Hugleiðing: „Þegar réttlæti og trúfesti umlykja mig, lærir líf mitt að standa stöðugt í Guði.“

Bæn: „Drottinn, klæddu mig í réttlæti þitt og trúfesti í öllu sem ég geri í dag.“

10.Þriðjudagur

Jóh 8:32

Hugleiðing: „Sannleikurinn frelsar okkur frá blekkingu og ótta. Þegar við lifum í sannleika Guðs, upplifum við raunverulegt líf“

Bæn: „Faðir, kenndu mér að ganga í sannleika þínum. Amen“

11.Miðvikudagur

Orðsk 4:23

Hugleiðing: „Guð vill varðveita hjarta okkar, því úr því streymir lífið. Réttlætið hjálpar okkur að lifa með hreinum ásetningi“

Bæn: „Drottinn, varðveittu hjarta mitt. Amen“

12.Fimmtudagur

Sálm. 15:2

Hugleiðing: „Heilindi styrkir andlegt líf okkar. Þegar við göngum réttlátlega, heiðrum við Guð í öllu.“

Bæn: „Drottinn, hjálpaðu mér að lifa í heilindum. Amen“

13.Föstudagur

Róm. 10:15

Hugleiðing: „Guð kallar okkur til að bera frið hans til annara.“

Bæn: „Notaðu mig sem friðarboðbera, Drottinn. Amen“

14. Laugardagur

2. Þess 2:15

Hugleiðing: „*Andleg staðfesta byggist upp með þrautseigju. Að standa fast í trúnni, jafnvel þegar það er erfitt, styrkir samband okkar við Guð.*“

Bæn: „*Drottinn, hjálpaðu mér að standa stöðugur.*“

15. Sunnudagur

Efes 6:15

Hugleiðing: „*Fagnaðarerindið veitir stöðuleika og stefnu. Við göngum örugg því Kristur er friður okkar*“

Bæn: „*Faðir, staðfestu skref mín í friði þínum. Amen*“

16. Mánudagur

Jóh 14:27

Hugleiðing: „*Friður Guðs varðveitir hjarta okkar jafnvel í erfiðleikum. Við treystum værveru hans.*“

Bæn: „*Ég vil hvíla í friði þínum, Drottinn. Amen*“

17. Þriðjudagur

Sálm. 37:5

Hugleiðing: „*Þegar við felum Guð leiðir okkar, göngum við áfram í trausti og ró*“

Bæn: „*Drottinn, ég fel þér vegi mína. Amen*“

18. Miðvikudagur

Kól 3:15

Hugleiðing: „*Friður Krists stjórnar viðbrögðum okkar og hjarta*“

Bæn: „*Láttu frið þinn ráða í lífi mínu. Amen*“

19. Fimmtudagur

Heb 11:1

Hugleiðing: „*Trú gerir okkur kleift að sjá handa aðstæðna*“

Bæn: „*Drottinn, ég treysti fyrirheitum þínum. Amen*“

20. Föstudagur

Sálm 56:3

Hugleiðing: „*Þegar ótti kemur, veljum við að treysta Guði*“

Bæn: „*Ég treysti þér af öllum mætti, Drottinn. Amen*“

21. Laugardagur

Jóh 14:27

Hugleiðing: „*Sigur í Kristi leiðir mig inn í samfélag, vald og nánd með honum.*“

Bæn: „*Drottinn, styrk mig til að sigrast og fylgja þér allt til enda.*“

22. Sunnudagur

Efes 6:16

Hugleiðing: „*Trúin verndar okkur gegn ótta og efa. Við veljum að treysta Guði*“

Bæn: „*Drottinn styrktu trú mína. Amen*“

23. Mánudagur

Orðs. 3:5–6

Hugleiðing: „*Við undirbúum hjarta okkar með trausti á Guði.*“

Bæn: „*Ég staðfesti trú mína í þér. Amen*“

24.Þriðjudagur

2.Kor. 2:14

Hugleiðing: „Í Kristi leiðir Guð mig áfram í sigurgöngu, jafnvel þegar ég skil ekki leiðina.“

Bæn: „Guð, leiddu mig í sigri Krists og láttu líf mitt bera ilm hans.“

25.Miðvikudagur

Lúk 18:1

Hugleiðing: „Guð kallar okkur til að gefast ekki upp í bæn“

Bæn: „Gef mér þrautseigju í bæn, Drottinn. Amen“

26.Fimmtudagur

Orðs. 18:10–11

Hugleiðing: „Nafn Drottins er öruggt skjól, en aðeins í honum finn ég raunverulegt öryggi.“

Bæn: „Drottinn, hjálpa mér að leita skjóls í þér fremur en eigin styrk.“

27.Föstudagur

Opin. 3:21

Hugleiðing: „Að sigrast í Kristi er að ganga leið hlýðni sem endar í samfélagi og dýrð með honum.“

Bæn: „Drottinn, gef mér þrautseigju til að sigrast og vera þér trúr allt til enda.“

28.Laugardagur

Róm 10:17

Hugleiðing: „Fyrirheitið Guðs byggist ekki á verkum mínum heldur trú sem treystir náð hans.“

Bæn: „Drottinn, styrk trú mína til að lifa í fyrirheitum þínum.“

29.Sunnudagur

Efes 6:17-18

Hugleiðing: „Orð Guðs er vopn mitt og bæn mín er andardráttur trúarinnar sem heldur mér vakandi í baráttunni.“

Bæn: „Drottinn, fyll mig orði þínu og kenndu mér að biðja stöðugt í anda þínum.“

30.Mánudagur

Sef 3:17

Hugleiðing: “Þótt ég finni mig veik(ann) eða hrædd(an), þá er Drottinn samt með mér og hann er hetjan sem berst fyrir mig og frelsar mig.”

Bæn: „Drottinn Guð minn, takk að þú ert með mér og ert hetjan sem frelsar; hjálpaðu mér að treysta þér og fylltu mig styrk og friði í dag, amen.“

31.Þriðjudagur

Kól.1:13-14

Hugleiðing: „Guð hefur flutt mig úr myrkri í ljós og gefið mér frelsi og fyrirgefningu í Kristi.“

Bæn: „Drottinn, hjálpa mér að lifa í ljósinu og frelsinu sem þú hefur gefið mér.“

Þema mánaðarins – Alvæpni Guðs

Orðin í Efes. 6:10-20 minna okkur á að lífið er ekki aðeins það sem blasir við augum. Baráttan sem við stöndum í daglega á oft ekki við aðstæður eða fólk, heldur við ótta, vonleysi, ranghugmyndir og það sem dregur okkur frá því að lifa í sannleika og kærleika. Páll kallar okkur ekki til að berjast með eigin mætti, heldur að styrkjast í Drottni og krafti máttar hans. Þar liggur lykillinn: við erum ekki ein.

Alvæpni Guðs er ekki vopn árásar heldur vopn stöðugleika. Sannleikurinn heldur okkur uppréttum þegar lygar grafa undan sjálfsmynd okkar. Réttlætið ver hjartað og minnir okkur á að verðmæti okkar byggist ekki á frammistöðu heldur náð. Friðurinn sem fagnaðarerindið boðar gerir okkur kleift að stíga ákveðin skref, jafnvel á óvissum slóðum.

Skjöldur trúarinnar er sérstaklega mikilvægur á tímum þegar logandi skeyti efa og kvíða fljúga að okkur úr öllum áttum. Hjálmur hjálpræðisins ver huga okkar og minnir á von sem nær lengra en augnablikið. Sverð andans, orð Guðs, leiðir okkur þegar við vitum ekki hvert skuli halda.

Allt þetta er þó umvafið bæn. Í bæn tengjumst við uppsprettu styrksins. Þar lærum við að standa, ekki af hörku, heldur af trausti.

Vikulegar bænastundir

Í hverri viku bjóðum við upp á bænastundir sem eru öllum opnar. Þar komum við saman til að leita Guðs, biðja fyrir hvert öðru, söfnuðinum og samfélaginu okkar. Þetta eru dýrmætar stundir þar sem við styrkjumst í trú og einingu. Bænastundir eru haldnar á eftirfarandi tímum:

Mánudagar kl. 13:30

Þriðjudagar kl. 11:00

Fimmtudagar kl. 11:00

Sunnudagar kl. 10:30

Öll hjartanlega velkomin.



Hjálpræðisherinn á Íslandi
Suðurlandsbraut 72